

Hann skeytti ekkert um segurð kvöldlostsins, það var eins og ljósblátt tjald seyni en eð gulli hérgi fyrir hellismunnum, og að allur friður himinsins lægi hinu megin við það, en að allur jatðneskur andans óróleiki vekti hjá vitringnum fyrir innan Augu hans stækkuðu og urðu tryllingsleg, af því að stara stöðugt og með estirvæntingu á klettaþakið og hellisauðunnann; en hann fann enga ánægju, ekkert er stöðvaði hróp hans.

“Synir hins líðandi augnablikis, hálmur og hey”, tantaði hann ólandarlega um leið og guðhrædda, lítilsiglda fólkioð gekk fram og aftur í tökkrinu fyrir utan hellinn, “hvað geta hinir sofandi hugir þeirra vitað um háttign Allah?”

Svo skeði það einn dag að Drottinn Guð leit niður á hellinn. Hver er sá, sem ekki hefir séð Drottins vegi í þessu. — hvernig hann klýfur himinhvelfinguna með hendi sinni og sópar skýjunum burt. Þannig svifta mennirnir sundur fellungunum á tjöldum sínum, til að horfa á sólaruppkomuna. Eins og tjaldskörin fellur til baka, svo þjóta skýin fram og aftur um loftið. Þegar skýin hreyfast, horfir Drottinn einhverstaðar niður á jörðina. Og sjá, þvert yfir hafsströndina og inn í gilið, þar sem hellirinn var, skein ljós mikið, bjartara en sólin, eins og sólin sjálf er bjartari en skin hennar á síkviku vatninu; og ljósið skein á andlit pílagrímanna, sem þyrptust þangað. Það var eitt augnablik af óumræðilegri dýrð, svo luktist himininn yfir ljósið mikla. Og gamli spekingurinn? Hann hafði ekki séð neitt, því hann var byrgður í helli sínum, hann hafði ekkert séð nema það, að pílagrímarnir litu upp móti ljósgeislunum að ofan.

“Á hvað eruð þið að horfa?” spurði einsetumaðurinn úr hellinum.

Pílagrímarnir veittu honum enga eftirtekt. Þeir stóðu undrandi og hræddir við sýnina. Sumir félru til farðar og hörmudu syndir sínar; aðrir gengu hljóðir í burt. Að lokum var að eins einn eftir, og einsetumaðurinn spærði hann aftur sömu spurningarinnar.

“Ég hefi séð ásjónu Allah”, sagði maðurinn með fagurri lotningu og andlit hans ljómaði eins og það hafði aldrei áður gert. En hann vildi ekki segja meira og fór í burt.